

**Samantekt**  
**Hagsmunaráð fundur nr: 12**

2017-09-35

03.03.2021

**Fundarstaður:** Teams**Dagsetning:** 03.03.2021**Fundartími:** 13.00 - 15.30**Fundarritari:** Elín Sigríður Óladóttir**Mættir:**

Hagsmunaráð	Fulltrúar fyrir
Einar Hansen Tómasson (ET)	Íslandsstofa
Guðmundur B. Guðmundsson (GBG)	Samtök íslenskra sveitarfélaga
Guðrún Vaka Steingrimsdóttir (GVS)	Bændasamtök Íslands
Gunnar Stefánsson (GS)	Háskóli Íslands
Gunnar Valur Sveinsson	SAF
Hjalti Jóhannesson (HJ)	Háskólinn á Akureyri
Hólmfríður Bjarnadóttir (HB)	Samorka
Hrannar Már Hafberg (HMH)	Háskólinn Akureyri
Jóhann Þór Jónsson (JPJ)	Samtök iðnaðarins/smærri iðnaður
Kári Hreinsson (KH)	Samtök iðnaðarins/smærri iðnaður
Kristján Már Atlason (KMA)	Samorka/Orkuframleiðendur
Kristján Þ. Halldórsson (KPH)	Byggðastofnun
Lárus M.K.Ólafsson (LÓ)	Samtök iðnaðarins/stórnotendur
Jóhann Þorleiksson (JP)	Samtökum iðnaðarins
Tryggvi Felixson (TF)	Landvernd
Tryggvi Þór Haraldsson (TPH)	Samorka/Dreifiveitur
Þorgerður María Þorbjarnadóttir (PMP)	Ungir umhverfissinnar
<b>Frá Landsneti</b>	
Einar S. Einarsson (ESE)	Framkvæmdarstjóri Stjórnunarsviðs
Elín Sigríður Óladóttir (ESÓ)	Samráðsfulltrúi
Gnýr Guðmundsson (GG)	Yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu
Guðmundur Ingi Ásmundsson (GIÁ)	Forstjóri
Páll Jensson (PJ)	Formaður hagsmunaráðs
Halldór Halldórsson	Öryggisstjóri
<b>Gestir</b>	
Hrafnkell Ásólfur Proppé	Vegagerðin
Sunna Björg Reynisdóttir	Samorka

**Dagskrá:**

**Gnýr Guðmundsson, yfirmaður greininga og áætlana í raforkukerfinu**  
*Kerfisáætlun Landsnets*

**Halldór Halldórsson, öryggisstjóri Landsnet**  
*Öryggisstjórnunarkerfi hjá Landsnet*

**Hrafnkell Ásólfur Proppé, forstöðumaður Vegagerðin,**  
*Samtal um hið óorðna*

**Þorbjörg María Þorbjarnardóttir, formaður ungra umhverfissinna,**  
*Hlutverk náttúruverndarsamtaka í samfélaginu*

**Fundarstjóri:** Páll Jensson, formaður hagsmunaráðs

**Umræður og samantekt****Dagskrárlök áætluð kl: 15.00****1. Gnýr Guðmundsson (Kerfisáætlun Landsnets)**

Gnýr Guðmundsson, fór yfir stöðu mála varðandi kerfisáætlun og sagði frá að enn hefði ekki borist samþykki frá Orkustofnun en samkvæmt reglugerð hefði það átt að gerast fyrir 15. desember en rétt væri að taka fram að Landsnet hefði skilað áætluninni einum mánuði síðar en venja væri. Einnig fór Gnýr yfir það helsta sem væri á döfinni varðandi breytingar í þeirri áætlun sem væri verið að vinna að Kerfisáætlun 2021 – 2030 og yrði lögð fram til kynningar og umsagnar líklega um mánaðarmótið maí/júní.

**2. Halldór Halldórsson, (öryggisstjóri Landsnet)**

Halldór fór yfir öryggismál hjá Landsneti, byrjaði á fara yfir þau atriði sem snerta persónuöryggi og hvaða áherslur í forgangi hjá Landsneti og hvaða atriði eru kjarni öryggismenningar hjá Landsneti. Á síðast ári hafa verið mörg stór verkefni sem eru utan hefðbundins ramma starfsemi Landsnets þ.m.t. óveður, Covid, jarðskjálftar ofl. Þættir sem hafa reynt mjög á öryggisþáttinn og starfsemina í heild. Landsnet tekur þátt í allskyns neyðarsamstarfi bæði innanlands og á alþjóðlegum vettvangi.

**3. Hrafnkell Ásólfur Proppé (Skipulagsfræðingur Vegagerð)**

Fór yfir samráð tengt borgarlínuverkefninu. Samráð er lífandi plagg sem tekur breytingum í takt við verkefnið. Fór yfir tilurð Borgarlínu, var ekki til ekki fyrirmynd hér á Íslandi og hefur verið áskorun að fá fólk til að sjá sameiginlega sýn. Var horft til hvernig sambærileg verkefni voru gerð annars staðar í löndunum í kringum okkur. Fór yfir hvernig samráð og samtalið var framkvæmt, hvernig og hvar t.d. var farið í bókasöfn, fjölmenna vinnustaði og nýtt vefsíða. Lögðu áherslu á setja púlsinn á álitaeftin og vekja athygli á að samráð með þessum hætti er sjálfsgöð þjónusta við íbúa og er að aukast víða s.s. eins og samráðsgátt stjórnvalda, er mikið fagnaðarefni að þetta skuli vera þróunin.

**Sp:** Hvernig hefur samráð og samtalið farið fram?

**Svar:** Tóku matsferli með hópum íbúa, 600 manna úrtaki – þar sem lagt var fyrir þá hvaða sviðsmynd þeir myndu velja.

Þeir íbúar kusu með breytingunni, þ.e. með borgarlínu. Nú erum við að vinna þetta þannig að við erum komin í beint samtal við íbúa í ákveðnum hverfum.

**Sp:** Vex samráði eftir því sem verkefninu vindur fram?

**Svar:** Verkefni eins og Borgarlína er ekki til á Íslandi og ekki fordæmi fyrir e.h. álíka. Það hefur hjálpað að hafa ferlið allt opið og aðgengilegt og fá fram vilja íbúa sem oftast í ferlinu. Það hefur verið til mikillar hjálpar við allskyns miðlun en einnig til að vinda ofan af allskyns

#### **4. Þorbjörg María Þorbjarnardóttir, (formaður ungra umhverfissinna)**

Fór yfir hlutverk náttúruverndarsamtaka í samfélaginu en þar eru Ungir umhverfissinar meðal yngstu samtaka en eru þó orðin vel stór með yfir 1200 félagsmenn. Þorgerður sagði að sér og þeim sem í samtökunum sitja þætti mjög gefandi að taka þátt í vettvangi eins og hagsmunaráðið er. Fór yfir hvað ógnar náttúrunni á heimsvísu, hvernig smátt og smátt saxast á auðlindir sem við erum að nota á ósjálfbæran hátt. Þorgerður fór inn á sýn Ungra umhverfissinna gagnvart lagningu Suðurnesjalínu 2. Valkostur Landsnets er loftlína en Ungir umhverfissinnar vilja að línan verði lögð í jörð meðfram Reykjanesbraut.

**Ath:** Mikilvægt að sem flestir komi að borðinu á vettvangi sem hagsmunaráð er. Tekið er undir að mikilvægt sé að taka tillit til náttúru- og efnahagssjónarmiða en það sem þarf einnig að taka tilliti til og er ekki síður mikilvægt er öryggisjónarmiðið.

**Ath:** Þarf að gæta að umhverfisvernd og náttúrunni, okkur ber að sjá til þess að fólk fái rafmagn. Okkur ber einnig að halda verðinu niðri og þess vegna er erfitt að velja dýrari framkvæmdina. Hjá Veitum eru nánast bara lagðir jarðstrengir þar sem það er hagkvæmara en hjá Veitum eru strengir lagðir á lægri spennu. Hjá Landsneti eins og í tilfelli Suðurnesjalínu 2 eru verið að tala um strengi á 220 kV spennu sem er enn miklu mun dýrari kostur og samkvæmt stefnu stjórnvalda er meginreglan að línur í meginflutningskerfi skulu vera loftlínur.

**Dagskrárlök kl: 15.00**

Kynningar fyrirlesarar má finna á vef hagsmunaráðs undir Landsnet.is